

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

#### 1. gr.

55. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

*Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem bærinn á aðild að.*

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög eða reglur mæla fyrir um:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

B. **Til tveggja ára.** Á fyrsta fundi í júní að afloknum bæjarstjórnarkosningum og tveimur árum síðar kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í:

1. *Stjórn Sorpu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
2. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:

1. *Fjölskylduráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð skal annast störf þau sem barnaverndarnefnd og jafnréttisnefnd eru falin samkvæmt lögum nr. 80/2002 og lögum nr. 10/2008.
2. *Íþrótta- og tómsundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar um íþrótta- og tómsundaráð Garðabæjar, dags. 26. nóvember 1987.
3. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
4. *Leikskólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
5. *Menningar- og safnanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 13. júní 2002 og 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
6. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd skal jafnframt gegna hlutverki umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
7. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
8. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
9. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá 28. janúar 1988.
10. *Stjórn Hönnunarsafns Íslands.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt stofnskrá fyrir Hönnunarsafn Íslands sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 7. nóvember 2013 og staðfest af mennta- og menningarmálaráðherra 5. febrúar 2014.

D. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Afréttarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin annast afréttarmál fyrir Garðabæ og Hafnarfjarðarkaupstað.
2. *Almannavarnanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
3. *Bláfjallanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaga.
4. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

5. *Fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu*. Fjórir fulltrúar samkvæmt 6. gr. samþykktu samtakanna frá 4. nóvember 2011.
6. *Heilbrigðisnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Bæjarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fjóra aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina samkvæmt 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. samþykktu um Samband íslenskra sveitarfélaga frá 1. október 2010.
8. *Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt starfsreglum nefndarinnar nr. 1165/2007.
9. *Stjórn Hjálparsjóðs Garðasóknar*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt staðfestri samþykkt aðalsafnaðarfundar frá 1. apríl 1987.
10. *Stjórn Reykjanesfólkvangs*. Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaga.
11. *Stjórn SSH*. Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn samkvæmt samþykktum samtakanna frá 4. nóvember 2011.
12. *Stjórn SHS*. Einn aðalmaður sem er bæjarstjóri og annar til vara úr hópi kjörinna aðalmanna í bæjarstjórn samkvæmt samþykktum byggðasamlagsins.
13. *Öldungaráð*. Sjö aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 8. gr. laga nr. 37/2018. Sjá einnig 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, sbr. 19. gr. laga nr. 37/2018. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni.
14. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks*. Sex aðalmenn samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 10. gr. laga nr. 37/2018. Þrír fulltrúar skulu kosnir af sveitarstjórn og þrír tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Garðabæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 5. desember 2018.*

F. h. r.  
**Ólafur Kr. Hjörleifsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*